

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Samtök gegn kynferðislegu ofbeldi, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dómsmálaráðherra 21. apríl 1987.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir samtök gegn kynferðislegu ofbeldi.

Á fundi dags. 25. mars 1987, ákváðu áhugamenn um baráttu gegn kynferðislegu ofbeldi að setja á stofn sjálfseignarstofnun, sem bæri nafnið „Samtök gegn kynferðislegu ofbeldi“.

Nokkurt fé hafði þá borist til hinna óformlegu samtaka og var ákveðið, að það yrði notað sem stofnfé sjálfseignarstofnunarinnar. Var það vilji fundarmanna, að þessi leið yrði farin til að tryggja, að fullnægjandi eftirlit yrði haft með þeim fjármunum, sem samtökunum áskotnuðust í formi gjafa og annarra tekna og þar sem ljóst var, að samtökin yrðu aldrei félagsskapur með félagatal og reglulega fundi.

Er því hér með gerð svohljóðandi skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar, er ber nafnið „Samtök gegn kynferðislegu ofbeldi“.

1. gr.

Stofnunin heitir „Samtök gegn kynferðislegu ofbeldi“. Heimili og varnarþing stofnunarinnar er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að berjast gegn kynferðislegu ofbeldi og stuðningur við fórnarlömb og aðstandendur þeirra og fyrirbyggjandi aðgerðir. Tilgangi sínum hyggst stofnunin ná með því að veita öllum ágóða af starfsemi sinni til áðurnefndra markmiða samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar hverju sinni.

3. gr.

Stofnfé er kr. 25.000,00, tuttuguogfimmþúsund 00/100 - og skal það ávaxtað með bestu fáanlegum ávöxtunarkjörum hverju sinni.

Stofnfé sjóðsins má ekki skerða.

4. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru vaxtatekjur af stofnfé og annað fé, er henni kann að áskotnast, þ.á.m. gjafafé, tekjur af blaðaútgáfu o.fl.

5. gr.

Stofnuninni er heimilt að stofna til rekstrar og fjárfestinga í því skyni að markmiði hennar verði náð.

6. gr.

Stofnuninni stjórnar 6 manna stjórn. Samkvæmt ákvörðun stofnenda skal fyrsta stjórnin vera skipuð þessum mönnum:

1593-1000 Dána Sigurðardóttir, Brekkustíg 6, Njarðvík, formaður.

5819-3011 Kristinn Jónsson, Brekkustíg 6, Njarðvík.

0072-6036 Aðalsteinn Sigfússon, Neðstaleiti 6, Reykjavík.

9859-7190 Puríður Georgsdóttir, Heiðarhrauni 25, Grindavík.

7017-3506 Páll Kristjánsson, Sjávarbóli 10, Seltjarnarnesi.

3800-6932 Harpa Njálisdóttir, Nönnufelli 1, Reykjavík.

Hver stjórnarmanna tilnefnir varamann fyrir sig, sem taka skal sæti í stjórninni í fjarveru aðalmanns eða í forföllum hans. Varamaður tekur síðan sæti aðalmanns í stjórninni við fráfall hans og tilnefnir síðan nýjan varamann og þannig koll af kalli.

Fari svo, að stjórn stofnunarinnar sé ekki fullskipuð, skal dómsmálaráðuneytið tilnefna stjórnarmenn í hin auðu sæti.

Tilnefning manns í stjórnina gildir ævilangt. Þá getur dómsmálaráðuneytið vikið manni úr stjórn, ef því þykir ástæða til, svo sem vegna ósæmilegs athæfis.

Stjórn skal halda fundargerðabók, þar sem bóka skal allar ákvarðanir stjórnar varðandi stofnunina, svo sem ráðstöfun fjár, rekstur og allt annað, sem meðferð fjármuna hennar og máli skiptir.

Einfaldur meirihluti stjórnar ræður ákvörðunum innan stjórnarinnar. Falli atkvæði að jöfnu skal atkvæði stjórnarformanns ráða úrslitum. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum stofnunarinnar.

Stjórn hefur heimild til ráðningar starfsfólks eftir því, sem rekstur stofnunarinnar gefur tilefni til.

7. gr.

Fé stofnunarinnar skal vera í vörslu og ábyrgð stjórnarinnar. Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Gengið skal frá reikningi stofnunarinnar innan tveggja mánaða frá lokun hvers reikningsárs. Reikningurinn skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Reikningarnir skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna.

Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi, nema stjórnin sé einhuga um hana. Aldrei má breyta ákvæðum 2. gr. um meginmarkmið stofnunarinnar né heldur ákvæðum 9. gr. um ráðstöfun á eignum hennar við slit.

Breytingar á skipulagsskránni skulu hljóta samþykki dómsmálaráðuneytisins.

9. gr.

Verði stofnunin lögð niður, skulu eignir hennar renna til samtaka, er vinna að velferð barna.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar.

Skipulagsstjórn ríkisins hefur hinn 8. apríl 1987 fallist á og staðfest sbr. 3. mgr. skipulagslaga nr. 19/1964 þá breytingu á aðalskipulagi Akureyrar að opin svæði og leikvellir við Víðilund verði felld niður og í staðinn komi íbúðasvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 28. apríl 1987.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.